10.febrúar 2026

# Leikskólinn Barnaból-  Tillögur að 36 stunda vinnuviku

Leikskólinn hóf innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar árið 2021 og hefur starfað með 37 stunda vinnuviku síðan. Farin var blönduð leið, þ.e. að stytta vinnuvikuna um tvær stundir innan vikunnar og safna einni stundu á viku upp í dagsfrí á átta vikna fresti. Mikil ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag, en það hefur á köflum valdið starfsfólki töluverðu álagi.

Samkvæmt kjarasamningum eiga starfsmenn rétt á 36 stunda vinnuviku. Ljóst er að við getum ekki innleitt 36 stunda vinnuviku án þess að gera einhverjar breytingar.

*Hér með legg ég tvær tillögur fyrir Velferðar- og fræðslunefnd:*

**Tillaga 1**

Leikskólinn lokar eins og grunnskólinn um jól og í dymbilviku, samtals um 11 daga. Einnig lokar leikskólinn klukkan 14:00 á föstudögum, sem nemur 87,6 klukkustundum á ári. Með þessari skipan næst 36 stunda vinnuvika án þess að auka álag á starfsfólk. Jafnframt styttist viðvera barnanna í leikskólanum, en ljóst er að stytting vinnuvikunnar hefur hingað til ekki skilað sér í styttri viðveru hjá leikskólabörnum.

**Tillaga 2**

Leikskólinn lokar eins og grunnskólinn um jól og í dymbilviku, samtals um 11 daga. Að auki styttist vinnuvikan um tvær stundir sem dreifast yfir vikuna eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þessi skipan krefst afleysinga milli klukkan 14:00 og 16:00 og veldur nokkru auka álagi á starfsfólk og börn, sérstaklega þegar veikindi og auka frí koma til. Það er meira um að fólk sé að fara t.d. erlendis yfir vetrartímann.

*40 stunda vinnuvika gerir 1752 klst. á ári.  36 stunda vinnuvika gerir 1576,8 klst. á ári.*

*Mismunurinn er 175,2 klst. Vikurnar eru 43,8 þegar búið er að taka sumarfrí og rauða daga frá.*

Betri vinnutími í leikskólum - útg. 4 – Calculator Studio

*Halldóra Friðbergsdóttir, leikskólastjóri*

Drög af því hvernig leikskóladagatal 2026-2027 myndi vera.

